

**44** — *Brjef innanríkisstjórnarinnar til landshöfðingja um komu gufuskipins*  
5. febr. Díönu að Þingeyri. — Til þóknanlegrar leiðbeiningar skal ekki undanfellt þjónustusamlega að skýra yður frá, að póstgufuskipið Diana muni á þessu ári koma við á Þingeyri — auk daga þeirra sem tilgreindir eru í ferða-áætluninni — enn fremur um 13. júní og 20. septbr. eða á 1. ferð þess frá Reykjavík og á 3. ferð þess frá Kaupmannahöfn.

**45** — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um úrskurðarvald lands-*  
9. febr. höfðingja. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent hingað erindi, þar sem hreppstjórinn í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Jón Breiðfjörð, fer þess á leit, að hann megi losast við að greiða 15 kr. sekt, er sjer hafi verið gjörð með úrskurði amtmannsins í suðuramti Íslands frá 10. apríl f. á., fyrir að hafa óhlýðnast boði amtmanns, eða þá, að þær athafnir sínar, er hafi valdið tjeðri sekt, verði rannsakaðar og dæmdar af dómstólunum. Skýrið þjer í þóknanlegu brjefi 1. nóvbr. f. á. frá, að þjer 28. júlí f. á. hafið ákveðið, að sitja skyldi við úrskurð amtmanns á málinu, en hann hafi verið sá, að málssókn gegn beiðanda mætti niður falla, ef hann greiddi tjeða 15 kr. sekt, og er það aðaltillaga yðar, að það verði tjáð beiðandanum, að málið hafi hlotið fullnaðarúrslit með úrskurði yðar frá 28. júlí f. á.; en til vara leggið þjer til, að úrskurður þessi verði staðfestur af ráðgjafanum.

Fyrir því skal til leiðbeiningar og birtingar þjónustusamlega tjáð, að aðaltillaga yðar er hjer með samþykkt.

**46** — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um afbýli frá umboðs-*  
14. febr. jörð. — Með þóknanlegu brjefi frá 12. septbr. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi leiguliðans á Gullbringusýslu-umboðsjörðunni Hólmi, Gríms Ólafssonar, þar sem hann kvartar undan því, að heimtaðar hafi verið af sjer fyrir fardaga-árið 1874—75 5 vættir í landskuld af tjeðri jörð, þó að hann að eins hafi goltið 4 vættir árlega síðan 1863, er land, sem notað hafði verið frá Hólmi, var lagt til afbýlisins Vilborgarkots.

Jafnframt því að senda þessa beiðni, hafið þjer, herra landshöfðingi vísað til brjefs dómsmálastjórnarinnar frá 1. júlí 1864, er lagði þann úrskurð á, að jörðin Vilborgarkot, er maður, að nafni Jón Bjarnason, hafði 1863 tekið undir sig, yrði ekki talin nýbýli, heldur afbýli að nokkru leyti frá Hólmi, og að nokkru leyti frá annari jörð. Þá hafið þjer tekið fram, að, þótt Jón Bjarnason hafi farið fram á að verða talinn nýbýlismaður, og hafi skorast undan að greiða umboðsmanni landskuld, eina vætt á ári, af þeim 4 hndr., sem voru lögð til Vilborgarkots frá Hólmi, beri ekki á, að neitt hafi verið skipt sjer af því, fyrr en mál hafi verið höfðað í gegn honum árið 1872 til lúkningur á ógreiddri landsskuld í 6 ár; hafi máli þessu verið skotið til yfirdóms og hlotið þau úrslit, að ekkja Jóns Bjarnasonar, er hafði fengið jörðina eptir mann sinn látinn, á meðan á málinu stóð, hafi verið sýknuð af kærnum umboðsmanns.

Þjer hyggið, herra landshöfðingi, eigi vera nægilega ástæðu til að skjóta dómi þessum til hæztarjettar, og hafið því lagt það til, að skipað verði hlutaðeigandi umboðsmanni að hlutast til um, að jörðin Vilborgarkot verði samkvæmt áminnstu brjefi dómsmálastjórnarinnar viðurkennd afbýli að nokkru leyti frá Hólmi, þannig, að umboðssjóðurinn fái eptirleiðis landskuld af Vilborgarkoti, eptir því sem nákvæmar verði til tekið, og í

annan stað, er kemur til beiðni landsetans á Hólmi, að hin árlega landskuld af Hólmi verði, meðan beiðandinn búi á jörðunni, ákveðin 4 vættir, eins og hann hefir galdið síðan Vilborgarkot byggðist. 46  
14. febr.

Út af þessu skal til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og annarar ráðstafanar þjónustusamlega tjáð, að eptir því sem fram hefir farið í þessu máli þykir rjettast, að leggja svo fyrir hlutaðeigandi umboðsmann, að vilji ábúandinn á Vilborgarkoti eigi kannast við eignarrjett umboðsins að þeim hluta jarðarinnar, er mældur er úr Hólmslandi, og greiða eptir hann landskuld, eptir því sem nákvæmar verður til tekið, skuli hann höfða mál gegn honum til þess að sleppa jarðarpartinum, og skal í þessu efni eigi látið ógetið þess, að eigi virðist loku skotið fyrir slíka málssókn með tjeðum yfirjettardómi, þótt honum sje eigi áfrýjað, því hann snertir að eins lúkningu ógreiddrar landsskuldar, en verður eigi álitinn hafa í sjer geymda fullnaðar-úrlausn ágreiningsins um eignarrjett að jarðarpartinum. Að því er snertir landskuldina af Hólmi, leyfir ráðgjafinn, að hana megi greiða með 4 vættum fyrst um sinn, þangað til fengin eru fullnaðar-úrslit á umgetnu ágreiningsatriði.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um ekkju-framfærslu skyldu embættismanns.* — Eptir að send hafði verið fjárhagsráðgjafa ríkisins beiðni hjeradslæknisins í 1. læknishjaraði, Jónasar Jónassonar, um, að lögboðinni ekkjuframfærslu þeirri, er keypt hafði verið handa konu hans, yrði breytt í lífsábyrgð, og var beiðni þessi send hingað með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 12. oktbr. f. á., hefir tjeður ráðgjafi skýrt frá, að þar sem hann hafi, þrátt fyrir ósk þá, er Jónas hafði látið í ljósi á eyðublaði undir ekkjuframfærsluskýrslu, um að fullnægja ekkjuframfærsluskyldu sinni með lífsábyrgð, samt orðið að kaupa lífsfje sem lögboðna ekkjuframfærslu handa konu hans, er nemi 380 krónum, og hafi lífsfjárstofnunin gefið út innritunarskírteini fyrir því, ltr. D. D. N. 12589, er hann (fjárhagsráðgjafinn) varðveiti í bráð, — þá standi svo á því, að 22. gr. laganna frá 18. júní 1870<sup>1</sup> um lífsábyrgðar og framfærslustofnunina frá 1871 því að eins heimilar embættismanni undanþágu frá hinni skilyrðislausu skyldu hans til að sjá konunni fyrir lífsfje eptir sinn dag, samkvæmt lögum frá 15. janúar 1851, sbr. opið brjef 31. maí 1855<sup>2</sup>, að hann kaupi lífsábyrgð, og gegni hinum almennu skilyrðum þeim, er þar fyrir eru sett. En nú var það, að þá er Jónas sendi ekkjuframfærsluskýrslu sína og ljet þar í ljósi að hann ætlaði sjer að kaupa lífsábyrgð, hafði hann ekki sannað, að hann væri farinn að eiga nokkuð við stofnunina í þá átt, að fullnægja tjeðum skilyrðum, og það var því alveg óvíst þá, hvort af því mundi verða, en hitt var víst, að langt yrði að bíða þess, að hin fyrirhugaða lífsábyrgð yrði keypt, ef þess yrði þá auðið með öllu. Fyrir þessa sök var fjárhagsráðgjafanum eigi heimilt þá að leysa Jónas hjeradslækni undan því, að sjá konu sinni fyrir lífsfje eptir sinn dag, og hlaut hann því, eptir reglum þeim, sem um það eru settar, að hlutast til um, að slík lífsfjárvon yrði keypt sem fyrst. Samt muni ekkert því til fyrirstöðu, að lífsfjárvonarkaupin verði látin sem ógjörð, þá er Jónas hjeradslæknir er búinn að kaupa ábyrgð á lífi sínu, og sje ábyrgðarfjeð 15—25 fallt á við lífsfjárstyrkinn, 380 kr., og verði hann að eiga um það beinlínis við lífsábyrgðar- og framfærslustofnunina frá 1871, og muni nú fjárhagsstjórnin undir eins og hún fái vitneskju um, að búið sje að kaupa slíka ábyrgð, hætta að greiða árgjaldið

1) Lög þessi fyrir Danmörk eru prentuð í hinu danska lagasafni Algreens Ússings XV bls. 197 o. ff.

2) Sjá Tíð. um stjórnarm. I bls. 77.

Hinn 26. apríl 1877.